

Nr. 123 / 15 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1585 IMO nr. 8003993
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15

Gögn:
Gögn RNSA



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. apríl 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. nóvember 2015 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum á Halamiðum. Veður: A 18-20 m/s og ölduhæð 3,5 m.

Skipverji sem var að vinna við netabætingar og var að fara brýna hníf með svokölluðu færeysku brýni. Þegar hann renndi hnífnum yfir brýnið, sem var í vinstri hendi, rann hnífurinn fram af því með með afleiðingum að skipverjinn skarst þvert yfir úlnliðinn.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn stóð með brýnið í vinstri hendi og hnífinn í þeirri hægri og hann taldi að um óhapp væri að ræða;
- að ljóst er að ekki var um rétt handbrögð að ræða. Rétt notkun er að hnífshakkinn er lagður á stöðugt undirlag og klofa brýnisins rennt eftir egginni eins og sýnt er á myndinni.

**Nefndarálit:**

Orsök slyssins má rekja til þess að ekki var beitt réttri aðferð við að brýna hnífinn.

Samskonar atvik tengjast málum nr: 033/10, 142/13 og 013/14.